

Nd.

339. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leitaði umsagnar borgarstjórans í Reykjavík um þetta mál, og hefir hann í brjefi 7. apríl síðastl. mælt með frv. og telur »rjett, að bæjarstjórnin fái heimild til að setja reglugerð um lokunartíma rakarastofa og annara vinnustofa, þar sem einhver viðskifti við almenning fara fram«, en jafnframt óskar borgarstjóri eftir frekari heimild til að ákveða »lokunartíma útsölastaða fyrir innlendan varning« og nefnir þar sjerstaklega til konfektbúðir.

Nefndin hefir athugað málið og vill hún taka hvorttveggja til greina, það sem felst í frv. og hitt, sem kemur fram í áðurnefndu brjefi borgarstjórans í Reykjavík. En nefndinni þykir ekki rjett að halda því formi, að aðalgrein frv. sje lögskýring á því, hvað löggjafinn vill láta felast í lögunum um lokunartíma sölubúða, heldur vill nefndin láta orðalag frv. fela í raun og veru í sjer þann viðauka eða þær breytingar, sem gerðar eru á lögunum.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

1. gr. frv. orðist svo:

Á eftir 2. málsgrein 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnnum heimilt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendum varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskifti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sje þar seldur.

Alþingi, 9. apríl 1924.

Jón Kjartansson,
formaður.

Jón Baldvinsson,
fundaskrif., framsm.

Jörundur Brynjólfsson.

Bernh. Stefánsson.

Magnús Jónsson.